

# Brottför varnarliðsins ekki komið til greina

## ● Með öllu óhugsandi að sjálfstæðismenn hefðu fórnað varnarliðinu fyrir frið á vinnumarkaði

Stefán Gunnar Sveinsson  
sgs@mbl.is

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, segir að það hefði ekki komið til greina af hálfu Sjálfstæðisflokksins að semja við frið á vinnumarkaði við Alþýðubandalagið undir lok átunda áratugarins í skiptum fyrir það að bandaríska varnarliðið færi frá Miðnesheiði.



Björn Bjarnason

Próstur Ólafsson hafgræðingur greinir frá því í sevisögu sinni, *Horfum heimur*, sem kom út í síðustu viku, að á fundi með Jónasi Haralz, þáver. bankastjóra Landsbankans, sem líklega fór fram snemma árs 1978, hafi Jónas beðið Pröست um að færa Lúdvík Jóseppssyni, þáver. formanni Alþýðubandalagsins, mikilvæg pólitísk skilaboð um að Sjálfstæðisflokkurinn væri tilbúinn í samstarf með Alþýðubandalaginu á þeim forsendum að varnarliðið færi á brott í skiptum fyrir frið á vinnumarkaði. Sagði Jónas aðspurður við Pröست að síð hugmyndin hefði stuðning stærka aðila í forystu Sjálfstæðisflokksins. Lúdvík tók hins vegar illa í samstarf með Sjálfstæðisflokk og var hugmyndin því ekki reifð meira.

Björn segir að hann dragi orð Prastar ekki í efa. „Þetta er vönduð



Morgunblaðið Ur safni

**Varið land Lögregluþjórnar sjást hér bera undirskriftirnar 55.522 sem söfnuðust í undirskriftasöfnun Varins lands í janúar-febrúar 1974 í Þinghúsi.**

bók, og ég efast ekki um að Pröستur fari með rétt mál, þegar hann segir frá þessum fundi sínum með Jónasi Haralz í Landsbankanum, en að Jónas hafi haft eitthvert umbod eða málsmetandi sjálfstæðismenn á bak við sig þegar hann lreyfir þessari hugmynd við Pröست stangast á við það sem ég vissi á þessum tíma. Jónas hefur hugsað uppþátt eins og menn gera gjarnan í tveggja manna spjalli,“ segir Björn, en hann var skrifstofustjóri í forsetisráðuneytinu frá 1975-1979 og náinn samstarfsmaður Geirs Hallgrímssonar forsetisráðherra á þeim tíma.

Björn minnr á að á tímum vinstristjórnarinnar 1971-1974 hafi verið mjög harðar deilur um varnarmálin, sem leiddu að lokum til undirskriftasöfnunar Varins lands í janúar-febrúar 1974. Þar söfnuðust 55.522 undirskriftir um að ekki ætti að hrófa við varnarliðinu. „Síðan eru kosningar um sumaríð 1974 og Sjálfstæðisflokkurinn vinnur einn glæsilegasta kosningssigur sinn. Geir Hallgrímsson varð forsetisráðherra og Framsóknarflokkurinn kíventi í varnarmálum og sat áfram í stjórn. Ríkisstjórnin réðst í alls konar aðgerðir til þess að styrkja varnar-

samstarfið við Bandaríkin eflir tíma vinstristjórnarinnar,“ segir Björn, en þar á meðal var uppbygging á varnarsvæðinu og önnur verkefni sem höfðu legið í láginni.

Hann segir því að sér finnist það með öllu óhugsandi að málsmetandi menn innan Sjálfstæðisflokksins hafi haft þá skoðun að rétt væri að varpa stefnu flokksins í varnarmálum fyrir róða þá, flokkurinn hafi aldrei gert það. „Að visu höfðu barna verið harðar deilur út af landhelgismálinu [1975-1976] og NATO blandaðist inn í þær. Við slítum stjórnsmálasambandi við Breta og spunnust harkalegar deilur vegna þess. Þau mál fóru farsallega fyrir Íslendinga, en að þá væri rétti tíminn til að stofna til átaka við Bandaríkjamenn út af varnarstöðinni til að laga stöðuna í kjaramálum er í raun af og frá,“ segir Björn.

### NATO ekki skiptimynt fyrir sögulegar sættir

Björn nefnir einnig að í bók Prastar komi fram að samtal hans við Jónas hafi komið í kjölfar greinar sem Pröستur skrifaði í TMM um möguleikann á samstarfi Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Björn rifjar upp að í kjölfar þeirra kosninga árið 1978 hafi Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag myndað stjórn, þar sem Alþýðubandalagið setti brottför varnarliðsins í fyrsta sinn ekki sem skilyrði fyrir setu í ríkisstjórn. Stjórnin varð hins vegar skammlíf

og í kjölfar kosninga í desember 1979 hafi gengið erfléga að mynda ríkisstjórn. „Þá skrifuðum við Styrkir Gunnarsson greinar í Morgunblaðið um „sögulegar sættir“ þessara tveggja flokka meðal annars í ljósi þess að vera varnarliðsins fípaði Alþýðubandalagið ekki lengur. Þegar Gunnar Thoroddsen klauf þingflokk sjálfstæðismanna og myndaði stjórn með Alþýðubandalaginu og Framsóknarflokknum í febrúar 1980 vísaði hann meðal annars til greina okkar Styrms til stuðnings umdeildu frumkvæði sínu. Fyrir okkur vakti aldrei að fórna öryggi þjóðarinnar og varnarsamstarfinu til að starfa með Alþýðubandalaginu,“ segir Björn.

„Pröستur lítur til horfins heims og dregur upp forvitnlega smámynd sem lýsir ágreiningi í stjórnmalunum á þessum tíma. Varnarliðið og samstarfið við Bandaríkin var þá alvarlegt deilumál milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðubandalagsins, en að sjálfstæðismenn hefðu verið reiðubúnir að binda enda á þær deilur vegna ástandans í kjaramálum finnst mér ekki trúverðugt,“ segir Björn. „Varnarmálið eru ekki aðeins innanríkisáhrif heldur vegna þyngst í samskiptum okkar við nágrannaflokkurinn. Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag myndað stjórn, þar sem Alþýðubandalagið setti brottför varnarliðsins í fyrsta sinn ekki sem skilyrði fyrir setu í ríkisstjórn. Stjórnin varð hins vegar skammlíf

## Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2023, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. nóvember 2023 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2023, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ókutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launa-kostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útværspjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaferiltæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ókutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögevd fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum krófum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2023

Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfirðjum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/sis

**Fiskilóð 27** Geymstur eru í húsinu til vinstri og Lóður í húsinu fjarst.

## Borgin hafnaði hóteli á Granda

Sigtryggur Sigtryggsson  
sis@mbl.is

Hugmyndir um hóteli á Granda hlutu ekki brautargengi hjá skipulagsfyrirvöldum í Reykjavík.

Á fundi skipulagsfulltrúa var lögð fram fyrirspurn frá Reir ehf. um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfriðseyjar) vegna Lóðarinnar nr. 27 við Fiskilóð sem felst í að reisa hóteli, samkvæmt tillögu Nordic. Lóðin er austan Krómunnar/Byko, milli húss Geymslna/Hvalasafnsins og bílaþvottastöðvarinnar Lóðurs. Í nágrenninu er Fly over Iceland. Fram kemur að reiturinn sé vel staðsettur enda í göngufæri við öflugan þjónustu. Megi nefna biðstöðvar stræti, matvöruverslanir, veitingastaði, stofnstiga, fyrirhugaða borgarlinu, menningarstarfsemi, ferðaþjónustu og ýmislegt fleira.

Í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa kemur fram m.a. að spurt sé um breytingu á deiliskipulagi til að reisa þar 126 herbergja hóteli á 5 hæðum, samtals 4.355 fermetrar brúttó á lóðinni með nýtingarhlutfall 1,68. Í gildandi deiliskipulagi er lóðin skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimilt er að byggja allt að 2.600 m<sup>2</sup> brúttó með nýtingarhlutfall 1,0.

Í deiliskipulagi komi einnig fram að lóð nr. 27 við Fiskilóð sé á svæði fyrir hafnsækna starfsemi, verslun, þjónustu og finlegri atvinnustarfsemi (HVD). Þar segir m.a. að, á svæði fyrir hafnsækna starfsemi/athafnasvæði (HVD) skal gera ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafnasvæða skv. reglugerð. Þá segir ennfremur: „Gististaðir eru ekki heimildir á svæðinu.“

Á athafnasvæðum er samkvæmt aðalskipulagi ekki heimilt að vera með hóteli eða aðra gististarfsemi og var því í umsögninni tekið neikvætt í fyrirsögnunna.

### Gerði ekki athugasemd

Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna gerði ekki athugasemd við byggingu hótels á lóðinni Fiskilóð 27. Minna má á að hausti 2020 voru Faxaflóahafnar reiðubúnar að úthluta malasíska kaupþýslumanninum Vincent Tan lóðnum Fiskilóð 33-37 undir lúxushóteli. Borgaryfirvöld höfðu þá tekið höndum í ósk Tans að byggja lúxushóteli á Miðbakkka Gömlu hafnarinnar. Lóðirnar sem Tan voru boðnar eru milli Lóðurs og olíubrigðastöðvarinnar, gegnt húsi Forlagsins, bókaútgáfu. Tan hafði ekki áhuga á því að byggja hóteli á þessum stað.